

**Sp. 82. Tillaga til þingsályktunar [74. mál]**  
um sama kjördag fyrir alþingis- og sveitarstjórnarkosningar.

Flm.: Jón Skaftason.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta athuga, hvort ekki sé æskilegt, að reglulegar kosningar til Alþingis og sveitarstjórna fari fram samtímis.

**Greinargerð.**

Kjörtímabil til Alþingis og sveitarstjórna er venjulegast 4 ár.

Skv. 57. gr. laga nr. 52 frá 14. ágúst 1959, sbr. lög 22/1971, eiga almennar, reglulegar alþingiskosningar að fara fram síðasta sunnudag í júnímánuði. Hafi þingrof átt sér stað getur kjördagur þó verið annar.

Skv. 17. gr. laga nr. 58 frá 29. mars 1961 eiga almennar sveitarstjórnarkosningar í bæjum og þeim hreppum, þar sem fullir  $\frac{3}{4}$  hlutar íbúanna eru búsettir í kaupúni, að fara fram síðasta sunnudag í maímánuði, sem ekki ber upp á hvítasunnudag.

Það er vel þekkt hérlandis að kosningaundirbúningur fyrir alþingis- og sveitarstjórnarkosningar er kostnaðarsamur og tímafrekur. Síðustu vikurnar fyrir kosningarnar eru starfsmenn flokkanna og embættismenn, sem sjá eiga um kosningarnar, algjörlega bundnir kosningastarfinu. Kosningaundirbúningsins gætir og um allt þjóðfélagið.

Venjulegast er ekki kosið sama ár til Alþingis og sveitarstjórna. Rándýr kosningaundirbúningur fer því fram bæði fyrir alþingis- og sveitarstjórnarkosningar. Frá þjóðfélagslegu sjónarmiði verður að telja þetta óheppilegt og að álitu flm. þessarar tillögu ónauðsynlegt. Réttur kjósandans til að neyta atkvæðisréttar síns ætti á engan hátt að skerðast við þá breytingu, að kjördagur fyrir reglulegar alþingiskosningar og sveitarstjórnarkosningar verði sá sami og að þær fari fram samtímis.

Með tillöguflutningi þessum er lagt til, að Alþingi feli ríkisstjórninni að athuga breytingu í þessa áttina.

Flm. er kunnugt um, að árið 1970 var í Svíþjóð tekið í lög það ákvæði að kjósa samtímis til þjóðþings (riksdagen), landsþinga (landsting) og sveitar- og bæjarstjórna (kommun). Þessi skipan gekk í gildi um leið og einnar deildar kerfi var komið á í þjóðþinginu. Kjördagur þar er þriðji sunnudagur í september þriðja hvert ár. Áður höfðu gilt svipuð ákvæði og hér, þ. e. að kjörtímabilið var fjögur ár og kosningar annars vegar til þjóðþingsins og hins vegar til landsþinga og sveitar- og bæjarstjórna voru aðskildar og fóru ekki fram á sama ári.

Það er fullrar athygli vert fyrir íslendinga — frá tæknilegu sjónarmiði séð — að athuga, hvernig sænskir kjósendur fara að því að kjósa. Ég nefni nokkur atriði:

1. Þar sem í raun er um þrennar ólíkar kosningar að ræða, eru kjörseðlarnir í mismunandi litum til aðgreiningar, þ. e. gulir (riksdag), bláir (landsting) og hvítir (kommun).
2. Hér er því svo farið, að kjósandinn fær við kosningu afhentan kjörseðil með nöfnum frambjóðenda allra flokka, og honum er síðan ætlað að krossa við bókstaf þess lista, sem hann styður. Í Svíþjóð eru á hinn bóginn gefnir út sér kjörseðlar fyrir hvern þeirra flokka, sem í framboði eru, og sjá flokkarnir um að senda þá til kjósenda fyrir kosningar. Hver kjósandi fær því í hendur a. m. k. 15 kjörseðla (5 flokkar  $\times$  3 kosningar) og fleiri þar sem fleiri flokkar en núverandi þingflokkar bjóða fram. Auk þess geta þeir kjósendur, sem þess óska, fengið eyðukjörseðla á kjörstað. Hafi kjósandi — einhverra hluta vegna — ekki fengið í hendur kjörseðla þess flokks, sem hann óskar að kjósa, þá er vaninn sá, að fulltrúar flokkanna standa utan við kjörstað allan kosningadaginn og deila út kjörseðlum. Þar að auki liggja kjörseðlar frammi á kjörstað.
3. Á kjörstað fær kjósandinn bara í hendur þrjú umslög (eitt fyrir hvern þeirra kjörseðla, sem hann tekur með sér í kjörklefann). Síðan fer hann inn í sjálfan kjörklefann og stingur niður í umslagið kjörseðli þess flokks, sem hann óskar að kjósa. Að síðustu afhendir hann umslögin þrjú og um leið er merkt við á kjörskrá að viðkomandi hafi kosið. Á umslagahornunum eru smágöt, þannig að hægt er að sjá lit kjörseðlanna og fylgjast með því, að hver kjósandi hafi aðeins kosið einu sinni í hverjum kosningum, svo og að sjá til þess, að hver kjörseðill lendi í réttum kjörkassa, þ. e. gulur í þjóðþingskjörkassanum o. s. frv. Að sjálfsögðu gerir þetta kjósandanum kleift að greiða mismunandi flokkum atkvæði í kosningunum þremur, þannig að hann getur t. d. kosið miðflokkinn til þings, jafnaðarmenn til landsþings og kommúnista til sveitarstjórnarstarfa.

Nánar í framsögu.